

## Kennsluleiðbeiningar með **Þar sem Djöflaeyjan rís**

Bókin **Þar sem djöflaeyjan** rís nær yfir eitt afdrifaríkasta tímabil Íslandssögunnar. Reykjavík þandist út, hingað kom útlendur her, peningar flæddu inn í landið og nútíminn hélt endanlega innreið sína eftir aldalanga einangrun þjóðarinnar. Þetta er allt í bakgrunni bókarinnar og rétt að hafa í huga. Í bókinni erum við leidd inn í afkima Reykjavíkur, samfélags sem lýtur um margt sínum innri lögmálum sem oft stangast á við lögmál hins stærra samfélags. Þetta er veröld þeirra snauðu og allslausu, úrkastsins, þetta er braggasamfélagið sem lítið hefur enn verið fjallað um af sagnfræðingum og rithöfundum. Við fylgjumst með því hvernig þessi heimur verður til í upphafi verksins, við fylgjumst með uppgangi, erfiðleikum, velmektardögum og loks hruni, nokkurs konar heimsendi í lok seinna verksins, Gulleyjunnar. Þetta er í vissum skilningi saga aldarinnar séð út frá sjónarhóli utangarðsfólksins.

### Um höfundinn

Sjálfur er Einar Kárason alinn upp í reykvísku millistéttarumhverfi. Hann er fæddur 1955, faðir hans var leigubílstjóri og móðirin húsfreyja, en braggasamfélaginu kynntist hann nokkuð utan frá því hann bjó meðal annars í æsku í Háaleitinu rétt hjá síðasta stóra braggahverfinu, Múlakampi. Einar fór hinn hefðbundna menntaveg, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörnina árið 1975 og stundaði bæði sjómennsku og háskólanám í bókmenntum áður en hann sneri sér að ritstörfum. Hann hefur sent frá sér fimm bækur og að auki skrifaði hann handritið að kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, **Skyttunum**. Hann var um skeið formaður Rithöfundasambands Íslands. Rétt er að benda á langt og ítarlegt viðtal sem birtist í tímaritinu **Teningi** 1 1985 þar sem hann ræðir verk sín og segir frá sjálfum sér.

Fyrsta bók hans var ljóðabók og hét **Loftræsting (farir mínar holóttar)**. Hann hefur engin ljóð birt síðan, enda liggja ljóðin í bókinni oft nær frásögn en lýrik. Í þeim má oft finna skissur að karakterum, umhverfi eða aðstæðum. Ljóðin þóttu nýstárleg á sínum tíma vegna þess að þar er að finna hvassa ádeilu á þann lífsmáta sem hafði verið í tísku um nokkurt skeið, tiltekin listamannaímynd er tekin í gegn, sem og sú yfirborðslega róttækni sem var áberandi á 8. áratugnum, og birtist oft meira í klæðaburði og stíl en raunverulegri lífsskoðun. Það var einkum eitt ljóð sem varð fleygt, ljóðið **Sjálfsdagrýni í fleirtölu**, en þar er eins og nafnið gefur til kynna að finna árás á þann hóp sem skálið sjálft tilheyrði að einhverju leyti.

Fyrsta skáldsaga Einars kom út árið 1981. Hún ber nafnið **Þetta eru asnar Guðjón** og þar segir frá ungum villuráfandi mönnum sem þjóta um landið nýskriðnir úr skóla undir kjörorðinu Frelsi, flipp og farandverkamenn og telja alla aðra en sig asna. Bókin er

mjög fjörug, full af fyndnum lýsingum og neyðarlegum aðstæðum, og er bæði grimm við **asnana** og aðalpersónuna, Guðjón, og hans féлага, sem sigla á endanum í strand. Um leið er hún um klassískt efni: leit ungs manns að tilgangi í lífi sínu, efasemdir um hver hann í rauninni er, hvaða hópi hann tilheyrir, hvernig líf hann ætlar sér.

Eyjabækurnar fylgdu í kjölfarið og á síðasta ári sendi Einar frá sér smásagnasafnið Söngur villiandarinnar sem hann hefur sjálfur lýst sem nokkurs konar millibilsbók, en ef grannt er skoðað er þar þó að finna umfjöllunarefni sem löngum hafa leitað á hann: þar segir oft af mönnum sem villa á sér heimildir, eða eru haldnir blekkingum um eigið ágæti á einhverju sviði, og eins njóta sín þar vel ýmsir stíleiginleikar Einars, hraði og fyndni, háð og alvara í bland.

### **Persónur í Djöflaeyjunni**

Mannlífið í Djöflaeyjunni er með fádæmum fjölskrúðugt og auðugt, fjöldi manns kemur við sögu, allir dregnir skýrum dráttum. Þetta er saga hóps fremur en einstaklinga þetta er saga um lítið samfélag, lítinn heim. Það er þó fjölskyldan í gamla húsinu sem heldur bókinni saman, og þeir sem henni eru nánastir, svo sem Grjóni heyrnarlausir. Almennt má segja um persónur bókarinnar að þær séu í senn með ákaflega skýr og sterk persónueinkenni, jafnvel öfgafull, og um leið samsettar og erfitt að setja á þær einfalda merkimiða. Okkur finnst kannski ráðdeildarsemi Tomma jákvæð, en við sjáum líka hina hlið ráðdeildarseminnar í þeim Fíu og Tóta. Okkur kann að blöskra lætin í Badda, en hann getur á köflum líka orðið heillandi og það er að minnsta kosti ekki lognmollan í kringum hann. Grettir eiginmaður Dollíar er ansi hallærislegur, en hann vinnur þó á. Danni kann að virka traustur efnispiltur, en er hann ekki hálfgerður fýlupoki í aðra röndina? Ekkert er alveg sem synist, rétt eins og heimsmetið hans Hreggviðs.

Karólína spákona er ættmóðirin. Hún virðist hafa ráð allra í hendi sér, stjórna öllu, allt hnitast um hana. Þetta er undirstrikað í upphafi verksins: **En hvenær hefst þá saga fjölskyldunnar? Kannski var það með fæðingu sjálfrar Karólínu, því hún var elst** (12). Og það er hörð ævi sem hún hefur átt, harkan ein hefur fleytt henni yfir erfiðustu hjallana þegar hjún berst ein fyrir lífi sínu og þeirra barna, skyldra sem óskyldra, sem forlögin hafa fært henni. Og henni tekst að lifa af en verður . . . **sannkallað hörkutól, sást aldrei brosa; var hávær, illskeytt og þar að auki talin rammgöldrótt**(12). Og kannski er hún það að einhverju leyti, þótt lesa megi milli línanna að spádómar hennar séu misjafnlega merkilegir. Spádómarnir virðast fremur gegna því hlutverki hjá henni að byggja upp veldi hennar, treysta áhrif hennar og ítök allt til borgarstjórans. En það virðist skipta öllu máli fyrir öðrum persónum að vera í náðinni

hjá henni, sá sem nær að halda efstu sætunum á vinsældalistanum hjá henni á náðuga daga og fyrirgefst allt. Það má spá í að hve miklu leyti það sé hún sem eyðileggur efnispiltinn Badda og að hve miklu leyti hann sé sinnar eigin gæfu smiður að minnsta kosti virðist hann kenna henni og öðrum konum verksins að einhverju leyti um ógæfu sína í lok seinna verksins, **Gulleyjunnar**. Hún er að mörgu leyti gallagripur, en bjargar sér og sínum á úrslitastundu, til dæmis þegar hún fær borgarstjóran til að gefa út einstætt byggingarleyfi (34) og losar Grjóna heyrnarlausa úr prísund á Siglufirði með því að fara á fund Guðlaugs varðstjóra, frænda síns í lögreglunni og segja við hann nokkur vel valin orð (143).

Reyndar væri upplagt að bera saman kvenfólkið og karlana í sögunni: Þær virðast vera snöggum röskari og ákveðnari en karlarnir sem eru reikulli í ráði og veikari fyrir. Stundum birtist það í frekju og óhemjugangi, stundum í einföldum lífskrafti og hæfileika til að lifa af.

Það er dóttir Karólínu, Gógó, sem ber bæði ábyrgð á barnaskaranum og sér ásamt Tomma um aðföngin eftir að hún hefur komist í slagtog við kanann. Lýsing hennar í **Djöflaeyjunni** er merkileg fyrir þá sök að þar er trúlega í fyrsta sinn í íslenskum bókmenntum lýst konu sem fer í **ástandið** án þess að hún sé fordæmd fyrir vikið eða glötuð. Gógó er þvert á móti sú sem ævinlega finnur einhver ráð þegar aðrir gefast upp, frá henni streymir ameríska glingrið og niðursuðuvörurnar og hún er alltaf glöð og kát á hverju sem gengur, hún er sannkölluð góð vættur. Dóttir hennar, Dollí, prinsessan í Thulekampi, er sumpart andstæða hennar, því henni tekst aldrei að láta það rætast sem hana dreymir um, hún hreppir mann sem hún lítur niður á, er alltaf súr í bragði og tekst aldrei að gera gott úr neinu.

Tommi, eiginmaður Línu, stendur vissulega í skugga hennar inni á heimilinu og rólyndi hans má sín lítills gegn krafti kerlingar. Hann stendur þó undir öllu saman, má hvað eftir annað seilast í rassvasann eftir veskinu sínu til að borga einhvern óþarfann. **Þótt hann ætti að heita vinnandi höfuð fjölskyldunnar og skaffaði kannski aura fyrir daglegu franskbrauði var hann að sumu leyti eins og leigjandi eða matvinnungur, enda ekki skyldur neinum.** (14) Fortíð hans er skrautleg **sjóari er sigldi um höf** og drabbaði. Hann hefur sem sé víða farið og margt séð og einmitt þar kemur fram veigamikill munur á þeim hjónum; Lína hefur aldrei farið lengra en upp í Gufunes og hatast við allt sem er ekki reykvískt. Tommi er enda mun víðsýnni en eiginkonan; meðan hún ver eingöngu stöðu sína sækir hann fram í anda ungmennafélagsandans, reynir að breyta samfélaginu til hins betra. Hann stillir til friðar á íþróttavellinum á bls. 80 þegar þeir Baddi og Grjóni efna til óláta. Hann gengur inn í hópinn . . . **leit í augu nokkurra manna og talaði lágt svo allir þurftu að þagna til að heyra hvað hann sagði . . . og . . . eftir andartak var orðið svo rólegt að enginn hefði getað hækkað röddina eða æst**

**sig án þess að gera sig að fífli.** Hann vill skapa braggabörnunum skárri skilyrði . . . **það var draumur hans og metnaðarmál að leiðbeina þessum strákum í lífinu og koma þeim á rétta braut.** (162) Þess vegna stofnar hann fótboltafélagið Kára sem verður til þess að **smáglæpir lögðust alveg af um tíma.** (60) Tommi er þannig jákvæðari persóna en Karólína, en höfundurinn sneiðir hjá því að gera hann að litlausu göfugmenni með því bæði að gæða hann ýmsum kostulegum einkennum og jafnvel gera hann dálítið gamaldags í hugmyndum sínum um þrúðmannlega framkomu og drengilega keppni.

Tommi og Lína eru þannig andstæður, rétt eins og bræðurnir Baddi og Danni sem eru eins og dagur og nótt og verða raunar smám saman andstæðingar. Þetta er undirstrikað þegar í upphafi sögunnar:

Svo voru það strákarnir tveir: sjálfur Baddi sem var augasteinn allra, ellefu ára, dökkur, snareygur og fjörmikill gutti . . . hann ætti nú eftir að verða kvennagull . . . Og Danni: hann var níu ára, stórfættur og einrænn. Fýlupoki sögðu margir. Danni gekk oftast undir nafninu **Hinn.** Mikill friðleikskrakki er hann Baddi, sagði fólk. Og eftir stundarkorn bættu þeir barngóðu við: **Hinn er meira svona inn í sig.** (8)

Þessar andstæður í lýsingu bræðranna skerpast enn þegar á líður. Þegar Baddi kemur heim eftir dvölinna hjá Gógó í Ameríku er mikið um dýrðir, heilmikil móttökunefnd er gerð útaf örkinni til að taka á móti honum: **Og Baddi: hann gaf öllu jarðnesku striti tilgang. Skýri og fallegi efnispilturinn, blessaður ættarsóminn, ömmudrengur ömmubænanna . . . Drengurinn með augun skæru, brosið, hjálpsemina og gæðin við allt sem lífsanda dró.** (146) Og þegar Danni kemur: **Mánuði seinna kom risavaxinn unglingur skálmandi út úr vetrarhörkunni með stóra siglingakoffortið hans Tomma á bakinu. Hann opnaði útidyr Gamla hússins orðalaust og gólffjalirnar kveinkuðu sér undan þunganum . . .** (159) Höfundur notar lýsingu á klæðaburði og útliti til að undirstrika andstæðurnar. Um Danna segir: **Það [trölíð] var klætt uppreimuðum leðurstígvélum, ljósri hermannaskyrtnu og gallabuxum sem var haldið uppi með svörtum axlaböndum. Hárið var greitt aftur fyrir eyrun en lubbi lá í sveig niðrá ennið og skyggði á myrk augun.** (159) Tískustraumarnir hafa meiri áhrif á Badda: **Og stíllinn á gæjanum, gljáhárgreiðslan með öllum sínum sveiflum var honum svo eðlileg, kábojstígvélin, leðurjakkinn, gallabuxurnar og skyrtan með uppbreutum kraga . . .** (151) Og enn má nefna muninn á því hvernig piltarnir tjá sig: Danni er íhugull, segir ekki margt, en það er hugsun í því sem hann segir og í seinna bindinu fer hann að skrá hugrenningar sínar í dagbók Baddi hinsvegar talar í frösum dægurlagatextanna, ekkert virðist koma frá honum sjálfum, talsmátinn er bara viðbót við hina stælana. Fyrir vikið verður hann fjarlægari persóna þrátt fyrir mikil umsvif á síðum bókarinnar, við fáum afar sjaldan að skyggjast inn í huga hans.

Andstæður Línu og Tomma speglast í Badda og Danna. Lína sér aldrei neitt nema Badda, en Tommi hallar sér að Danna. Þá tvo dreymir um að komast burt, vinna sér alvöru þegnrett í samfélaginu draumarnir bera þá stundum hátt eins og sést í flugáhuga Danna sem vissulega er táknrænn, þótt Lína staðfesti í lok bókarinnar að hann hafi í raun farist í flugslysi (sbr. **Gulleyjan**). Baddi og Lína halda sig fremur við jörðina, eiga sér það markmið fyrst og fremst að tróna í drafinu öðrum ofar.

Persónuleiki drengjanna birtist vel í fótboltanum. Þar er **Baddi . . . harður, frekur og kappsamur . . . hann böðlaðist og djöflaðist áfram með tuðruna þar til hún lá í úldnu fiskinetinu . . . náttúrulega sólóleikmaður, hugtök eins og samleikur og fyrirgjafir voru honum algerlega framandi.** (58) Og síðast en ekki síst er honum ómögulegt . . . **að setta sig við allar þessar stífu reglur sem Tommi vildi meina að tilheyrðu leiknum** (58) Þetta er það sem á eftir að koma hinum í koll í lífinu. Danni er hinsvegar aldrei með **kjaft og hortugheit heldur bara renndi sér svellkaldur í hvern sem fyrir var . . . efnis fótboltakappi, leikinn snöggur og skotharður** (59) Og jafnframt . . . **fullur af barnabókasiðfræði og kenningum Tomma gamla um drengilega keppni og réttlátan leik** (59).

Danni er þannig frekar til þess fallinn að höfða til samúðar lesandans, en því má heldur ekki gleyma að einhver fótur er fyrir allri aðdáuninni sem fólk hefur á Badda og það er ekki aðeins drykkjulæti og eyðilegging sem fylgir honum, heldur ekki síður líf og fjör.

Fótboltinn er líka nýttur til að lýsa Grjóna vini Badda sem **var ímynd varnarmannsins, brimbrjótur í vítateignum, sóknarmennirnir tvístruðust í allar áttir þegar hann kom æðandi að boltanum og þrusaði með blátánni lengst út í buskann** (58). Þannig hagar henn sér líka utan vallar: ávallt í vörn. Það er til dæmis varnarmaðurinn Grjóni sem bregst við sjálfsmorði Didda litla af hörku, lokar tilfingarnar inni og þrusar sársaukanum út í buskann. **Hann [Diddi] var bara aumingi** (99) segir Grjóni og **Sumir furðuðu sig á honum Grjóna, hann virtist taka þessu af svo miklu kaldlyndi. Var drengnum alveg sama?** (99). En síðar meir þegar brennivínið kemur til sögunnar . . . **þá gat það komið fyrir að augu Grjóna fyllstust af vatni og hann fór að stama tvíræðar setningar um fortíðina, skjóta frá lokunum, svo grillti niður í dimma og djúpa sálina** (100).

Grjóni virðist höfða til ungra lesenda. Þeim finnst hann réttilega spennandi persóna en jafnframt flóknari en flestar aðrar í sögunni. Þeim ofbýður raunar harkan á stundum, til dæmis þegar þeir Baddi spila með Sigurjón afa hans, en eiga samt auðvelt með að skilja hann á vissan hátt. Saga Grjóna er nefnilega sigild og kunnugleg og nemendur hafa oftlega getað tínt til dæmi úr kunningjahópnum um svipaða þróun persóna. Því er rétt að sinna Grjóna vel í yfirferð verksins, til dæmis með því að fara ítarlega í samskipti hans við afann (bls. 162-170) en sú

saga segir raunar margt um þjóðfélagsþróun og áhrif hennar á líf einstaklinga.

Höfundurinn spilar mikið á andstæður og hliðstæður sem gafa má gaum. Það er til dæmis upplagt að bera saman Tomma og Línu og Fíu og Tóta til að sjá hvernig fjölskyldur bregðast á ólíkan hátt við nýfengnu ríkidæmi. Hinar smærri persónur eru eins og hinar veigameiri hlaðnar skrautlegum einkennum án þess þó að vera einfaldar týpur. Þær afgreiðir höfundur gjarnan í sérstökum þáttum og minnir sú aðferð mjög á Íslendingarsögurnar. Sem dæmi má nefna Sæunnar þátt (100-104); Snjólfss þátt (119-122) og þáttinn um Hlyn og Laugu skökku (128-130).

### Stíll og frásagnaraðferð

Stíll Einars Kárasonar einkennist af nálægð við söguefnið og nálægð við lesendur. Sögumaðurinn er kumpánlegur og stundum er eins og hann sé að spjalla við lesendur í afslöppuðu andrúmslofti. **Og dagarnir liðu í hversdagslegri ró, Gamla húsið safnaði árum sem máðu timburgólfín og krotuðu barnateikningar á veggina. Það var tíðindalítið í hverfinu og rósöm velmegun hjá Tomma og Línu.** (115) Nálægðin við lesendur birtist einnig í því að frásögnin fjarlægist sögutímamann, sögumaðurinn staðsetur sig utan við söguna og rifjar upp:

**Var þetta kannski daginn sem Hreggviður reyndi að setja heimsmet í kúluvarpi? sama daginn og sendinefndin kom úr Listamannablokkinni? Þá voru Baddi og Grjóni báðir að verða þrettán ára og það var haust . . .** (bls. 68)

Sögumaðurinn er alvitur og getur lýst inn í persónur að vild. Sjónarhornið er hins vegar breytilegt, stundum tekur hann sér stöðu með aðeins einni persónu og segir frá einhverju atviki út frá hennar sjónarhóli einvörðungu. Þá tekur stíllinn um leið mið af því, einkennist af því hvernig viðkomandi persóna hugsar og tjáir sig: þegar sagt er frá einhverju út frá sjónarhóli Tomma verður málfarið meira gamaldags og litast allt af hans þankagangi.

Tommi sá það þegar hann hugsaði til baka að Baddi hafði svosem aldrei verið neinn óknyttastrákur. Það voru nú bara ýkjur og skilningsleysi gagnvart ungdómnum. Verða ekki strákar alltaf strákar? Undir það síðasta var hann reyndar orðinn Tomma töluverð byrði vegna sekta og skaðabóta fyrir allskyns smáspellvirki sem Baddi hafði forgöngu um, en svoleiðis eldist af piltum. (146)

Hið sama gildir þegar sjónarhornið er bundið við Badda, þá tekur töffaraskapurinn öll völd í tungumálinu

Blessaður vertu maður, indjánarnir! Helvíti kósí, klippa bara gat á teppi og stinga hausnum í gegn og ganga svo bara í þessu, verður aldrei kalt. Svo dönsuðu þeir í hringi og flottheit. Úhúúhúhúhú! og allskonar monkí bisses. Annars held ég að hún Amma hljóti að vera indjáni maður, hún dansar svona, úhúhúhú, ef hún verður eitthvað æst og kreisí. (166-67)

En þetta er alls ekki einrátt, því sögumaðurinn er alltaf nálægur og tekur sjálfur völdin þegar honum þykir henta og þá verður stíllinn oft bæði talmálslegur og rabbkenndur. Gott dæmi er kaflinn **Karakappar lengi lifi!** þar sem sögumaður gerir óspart grín að köllunum, þótt hlýjan skíni í gegn.

Stíll Einars er oft háðskur. Það skapar vissa fjarlægð og dregur úr viðkvæmni, en hann er samt aldrei kuldalegur, því mikið er lýst inn í persónur og það er fremur prakkaralegur gálgahúmor krakkanna sem bera ekki virðingu fyrir neinu sem litar stíllinn en kaldrani eða mannfyrirlitning. Við eigum hins vegar aldrei að verða algerlega á bandi einnar persónu á kostnað annarrar því allir eru samsettir úr bæði jákvæðum og neikvæðum þáttum. Því má ekki gleyma að í bókinni er oft sagt frá hrikalegum atvikum, miklum harmsögum og töpuðu lífsstríði ýmissa persóna. Þá er vert að gefa gaum að tóni sögumanns sem getur orðið nærfærinn.

Einar notar afar mikið dægurlagatexta sem voru klisjur síns tíma Baddi fær aldrei að verða raunveruleg persóna í augum Línu heldur er hann gangandi ömmubænin sem Alfreð Clausen söng, og sjálfur fer hann að lifa og hrærast í textum Elvis Presleys. En þó að frásögnin sé stundum bundin við sjónarhorn einnar persónu er ekki þar með sagt að samúð okkar eigi öll að vera með þeirri persónu. Frásögnin af viðskiptum Grjóna við afa sinn er gott dæmi um það sjónarhornið er þar bundið við strákana, en það er hins vegar erfitt að lifa sig inn í þá grimmd sem þeir sýna gamla mannum. Almennt má segja að frásagnaraðferð og stíll höfundar markist af því hve hann vill forðast að predika yfir lesendum, hann skiptir því ört um sjónarhorn, gefur okkur margar hliðar á sama máli og segir frá í kumpánlegum rabbtón fremur en til dæmis í dæmisögutón. Við eigum sjálf að draga okkar ályktanir.

### Söguvið og umhverfi

**Djöflaeyjan** er lítill heimur innan stærri heims, lítill heimur með sín eigin lögmál, sína eigin stéttaskiptingu, eigin búð og eigin samskiptareglur og það er ekki nema endrum og eins að stóri heimurinn hefur áhrif á litla heiminn, þótt segja megi að tilvera hans sé undir stóra heiminum komin, fyrst og fremst efnahagslega: þegar góðæri ríkir á Íslandi er gullöld í Gamla húsinu og þegar halla tekur undan fæti hefst hnignun hverfisins.

Þessa tvo heima má e.t.v einnig skilja táknrænni mekingu. Í upphafskafla sögunnar, **Ljós í myrkrinu**, er jólahaldi fjölskyldunnar fyrr og nú lýst um leið og persónur eru kynntar og saga fjölskyldunnar er rakin. Gamli tíminn og nýi tíminn mætast við náðarsól fjölskyldunnar í gervi kana Gógóar. Þetta beinir huganum að stríðsárunum á Íslandi og þeim tíma sem fylgdi og hvort túlka megi litla heiminn, braggahverfið með öllu sem því tilheyrir, sem Ísland. Nafn bókarinnar er einnig vert að skoða í þessu samhengi. **Djöflaeyjan! . . . Kond þú hingað kona!** (118) segir Baddi við ömmu sína þegar hún spyr hvort hann fari ekki að

koma heim frá Ameríku. Og e.t.v er heldur ekki tilviljun að höfundur velur einmitt þetta nafn á sögu svið sitt: **Thulekampur**.

Sögu svið **Djöflaeyjunnar** er ímyndað, tilbúningur höfundar hann hefur hér skapað eigin heim af slíkri kostgæfni að hann lætur meira að segja teikningu af sögu sviðinu fylgja með svo allt verði sem raunverulegast. Tilurð hverfisins eru gerð skil í byrjun bókarinnar, bæði hvernig braggarnir urðu til og hvernig þeir fylltust smám saman af íslensku fólki í kjölfar hermanna (bls. 15-16). Hins vegar byggir hann á þeim braggahverfum sem spruttu upp hér og þar um borgina eftir stríð, þegar hermennirnir yfirgáfu braggana og fátækustu íbúar Reykjavíkur fluttust þar inn. Braggarnir hafa löngum þótt blettur á sögu Reykjavíkur og hálfgerð feimnismál enda afar lítið til af heimildum um þá og það mannlíf sem þar þreifst. Innan stokks var aft á tíðum mjög ókræsilegt eins og fram kemur í bók Einars á bls. 31: **Tommi litaðist um í dimmum bragganum, hann var greinilega óþéttur og Þórgunnur hafði troðið tuskum í rifurnar. Sumstaðar pokum. Þetta var síðari hluta vetrar og frost í lofti og fúið gólfið virtist líka hálfrosið, nema í kringum kolaofninn.** Þeir sem þar ólust upp fyrirverða sig fyrir það, hinir líta niður á þá. Í þessum hverfum bjó undirmálsfólkið í Reykjavík, þeir sem nú yrðu kallaðir skjólstæðingar félagsmálastofnunar, drykkjusjúklingar og fátæklingar og aðrir þeir sem orðið höfðu undir í lífinu. Það er ekki fyrir en með bókum Einars Kárasonar að saga Reykjavíkur er rakin út frá sjónarhóli þessa fólks. Elías Már hafði áður í sínum bókum lýst braggatilverunni, en munurinn á honum og Einari er kannski helst sá að hjá Elíasi er sterk siðferðisleg fordæming meðan Einar fordæst af öllum mætti að dæma og predika. Hann er heldur ekki að upphefja það mannlíf sem var í bröggunum, dregur enga dul á þá eynd sem þar ríkti og litar drykkjuskapinn ekki rómantík, keppikefli hans er að vera raunsær og trúverðugur um leið og hann leitast við að segja frá því sem sögulegt má teljast, sérkennilegt og jafnvel öfgafullt. Hann er ekki að segja sögu hinna dægigerðu, heldur kannski að varpa ljósi á allt mannlífið með því að rekja undantekningarnar, það sérkennilega og afbrigðilega.

Það er önnur nýjung í Eyjabókunum. Íslenskir rithöfundar hafa löngum lýst Reykjavík sem siðspilltum stað, hafa séð hana með augum sveitamannsins og lýst flutningum til Reykjavíkur sem nokkurs konar syndafalli. Og þó að höfundar eins og Indriði G. Þorsteinsson og Ólafur Jóhann Sigurðsson hafi í sínum bókum lagt áherslu á að til sveitarinnar verði ekki aftur snúið, því þar er að engu að hverfa, er viðmiðið alltaf bundið við sveitina - Reykjavík er ævinlega séð sem andstæða hennar. Í bókum Einars færast þetta viðmið inn í sjálfa borgina. Sveitin kemur nær hvergi við sögu og gildi hennar eru ekki lengur mælikvarði góðs og illis í borginni.

**Tímatál Djöflaeyjunnar**





□ Ritgerðaverkefni úr Djöflaeyjunni:

□

Hugsaðu þér nú, ég er búinn að vera giftur þessari konu á  
alla þessa áratugi, en samt hef ég aldrei elskað hana. (bls. 96)

□Fjallið um samband **Tomma og Línu**. Eru þau fullkomnar andstæður?  
Trúið þið orðum Tomma hér að ofan?

. . . Þjóðverjar urðu skák og mát í stríðinu; þar með gátu  
bandamenn aflétt hernáminu og sagt bless. Eftir stóðu braggarnir.  
Húsnæði fyrir fátæklingana. (bls. 16)

Lýsið **braggahverfinu og íbúum þess**. Hvað eiga íbúarnir  
sameiginlegt? Er stéttaskipting innan hverfisins? Hvert er  
hlutverk Gamla hússins? Finnast íbúahverfi í Reykjavík nú á dögum  
sem eru sambærileg við braggahverfin?

Það var alltaf sagt um krakkana í hverfinu að þetta væri skríll.  
Óuppdregnir dónar. Brjótandi rúður, stelandi ogberjandi.  
Skítapakki sem eittraði út frá sér, væri óþrifið og orðljótt.  
(bls. 67)

Lýsið **aðstæðum barnanna** í hverfinu, samskiptum þeirra innbyrðis  
og við börn úr öðrum hverfum.



□Augljóst var að Guð hafði velþóknun á ameríkönun, enda gekk þeim allt í haginn; og svo mikil var mildi Drottins að þegar Gógó giftist kanaanum fór náðarsólin að skína inn í tilveru Línu og Tomma. (bls. 8)

Sagt hefur verið að saga braggahverfisins sé smækkuð mynd íslenska lýðveldisins. Hvaða áhrif hafði **stríðið og vera Bandaríkjamanna hér** á tilveru braggabúa/Íslendinga? Voru þau áhrif til góðs eða ills - eða e.t.v. hvortveggja?



**Verkefni um persónur:**





□

1. **Baddi og Danni.** Lýsið bræðrunum hvorum fyrir sig og berið þá jafnframt saman. Eru þeir algerar andstæður? Athugið samband þeirra við Línu og Tomma.

2. **Fía og Tóti.** Lýsið þessum skondnu hjónum og berið þau saman við sæmdarhjónin í Gamla húsinu. Hvernig bregðast þau við böttum

efnahag? Leiðir efnaleg velmegun alltaf til aukinnar hamingju?

□

3. **Grjóni.** Gerið rækilega grein fyrir hörkutólinu Grjóna heyrnarlausa. Er hann kannski ekki eins mikið hörkutól og fólki finnst? Skýrið viðbrögð hans við dauða Didda. Reynið jafnframt að skýra hegðun Grjóna í samskiptum við afa sinn.
4. **Gógó.** Gógó er á vissan hátt hreyfiaflið í sögu fjölskyldunnar í Gamla húsinu. Lýsið ævi hennar ítarlega og vegið og metið kosti hennar og galla.
5. **Aukapersónurnar.** Ýmsar smærri persónur verksins eru að mestu afgreiddar í sérstökum þáttum, t.d. Hlynur, Sæunn og Hreggviður. Hvað einkennir þessa þætti? Eru þeir e.t.v. einhvers konar dæmisögur? Hvernig er samskiptum þessa fólks við íbúa Gamla hússins háttað?
6. **Dollí.** Lýsið Dollí vandlega. Finnst ykkur hún verða útundan? Kannið sérstaklega samband hennar við Gretti og Halldór. Líkist hún ömmu sinni eða mömmu - eða báðum?
7. **Baddi, Grjóni og Danni.** Berið þessa þakka saman. Notið lýsinguna á knattspyrnuíðkun þeirra sem útgangspunkt (sbr. bls.

58-59)

□

□ **Verkefni tengd stíl og málfari**

**1. Ljós . . . kviknar í myrkrinu sem liggur eins og biksvört slæða yfir tímanum og kaldri jörðinni.** (bls. 10)

Víða í bókinni eru myndrænar og ljóðrænar lýsingar af þessu tagi. Finnið nokkrar slíkar og reynið að greina myndmál Einars og stílbrögð. Hvaða tilgangi þjóna lýsingar af þessu tagi í skáldsögu?

**2. Um jórturgúmið gegnir sama máli.- Ha? Hann meinar tyggjóíð, útskýrði Grjóni sem hafði verið með sveitamönnum til sjós.** (bls. 164)

Málfar skiptir talsverðu máli í persónusköpun. Athugið slangur og slettur unga fólksins og ögn gamaldags málfar hinna eldri í þessu sambandi. Ágætt er að beina einkum athygli að Badda og Tomma. Hver er munurinn? Er hann eðlilegur að ykkar álitni? Finnið dæmi um málfar unga fólksins sem enn er gjaldgengt í nútímaslangri og dæmi um úrelt slangur.

3. Tíminn tekur stundum undir sig stökk í Djöflaeyjunni og stundum getur verið erfitt að átta sig á sögutímanum. Sagan er t.d. sögð í hnotskurn á bls. 11. Hvaða áhrif hefur þetta? Eru tímastökkin eðlileg eða ruglandi. Er erfitt að átta sig á aldri persónanna? Gerið skrá yfir tíma sögunnar.

4. Einar Kárason vísar stundum frá hefðbundinni stafsetningu í sögunni. Finnst ykkur það truflandi, e.t.v. rangt? Leitið uppi nokkur dæmi og reynið að átta ykkur á hvaða tilgangi þessi einkennilega stafsetning þjónar.